

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 368. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 2. mars 2023 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 337. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 16. febrúar 2023.
- 2) Fundargerð 97. fundar íþróttá- og æskulýðsnefndar, dags. 19. janúar 2023.
- 3) Fundargerð menningarnefndar, dags. 14. febrúar 2023.
- 4) Fundargerð 168. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. febrúar 2023.
- 5) Fundargerð rekstrarnefndar Klífs, dags. 16. febrúar 2023.
- 6) Fundargerð 10. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 7. febrúar 2023.
- 7) Fundargerð 129. fundar stjórnar FSS, dags. 16. nóvember 2022.
- 8) Fundargerð 211. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 17. janúar 2023.
- 9) Fundargerð 918. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. janúar 2023.
- 10) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 21. febrúar 2023, varðandi aðalfundarboð.
- 11) Bréf til Innviðaráðuneytisins, dags. 24. janúar 2023 – staðfesting bæjarstjórnar.
- 12) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. febrúar 2023, varðandi bókun stjórnar samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar s.l.
- 13) Bréf frá Golfklúbbum Jökli, dags. 9. febrúar 2023, varðandi golfskála.
- 14) Bréf frá Hopp, ódags., varðandi umsókn um leyfi fyrir rekstri á stöðvalausri deilileigu fyrir rafskútur í Snæfellsbæ.
- 15) Bréf frá Póstinum, dags. 28. febrúar 2023, varðandi breytingar á pósthjónustu í Ólafsvík.
- 16) Bréf frá Dýraverndarsambandi Íslands, dags. 10. febrúar 2023, varðandi hvatningu til sveitarfélaga til að koma villtum fuglum til aðstodar.
- 17) Minnisþingir bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 28. febrúar 2023**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

337. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 16. febrúar 2023 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Friða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

**1) Hollvinafélag Pakkhússins.**

Jenny Guðmundsdóttir og Ingunn Ýr Angantýsdóttir mættu á fundinn. Söguðu þær frá styrk frá SSV sem Hollvinafélagið fékk á árinu 2023.

Bæjarráð samþykkti að athuga hjá SSV hvort ekki væri hægt að nýta þennan styrk til að ljúka því verki sem hafið var fyrir mörgum árum, að skrá safnmuni Snæfellsbæjar inn í stafrænan gagnagrunn.

**2) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 10. febrúar 2023, varðandi auglýsingu eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins.**

Lagt fram til kynningar.

**3) Bréf frá leikskólastjóra Snæfellsbæjar, dags. 2. febrúar 2023, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna kaupa á nýjum frystiskáp.**

Bæjarráð telur að þessi kaup attu að nýmast innan þess potts sem leikskólastjóri fær úthlutað ár hvert.

**4) Bréf frá Lovísu Hrund Stefánsdóttur, dags. 9. janúar 2023, varðandi ósk um launað leyfi vegna starfsnáms.**

Bæjarráð samþykkti að fresta afgreiðslu þessa máls og fá ítarlegri upplýsingar.

**5) Umsóknir um leyfi til hundahalds:**

- i) Þórheiður Elín Sigurðardóttir sækir um að fá að halda hundinn Bronco.
- ii) Sæunn Ágústsdóttir sækir um að fá að halda hundinn Mola.
- iii) Rakei Ólafsdóttir sækir um að fá að halda hundinn Iceland Star Skugga.
- iv) Garðar Kristjánsson sækir um að fá að halda hundinn Bonzo.
- v) Kjartan Hallgrímsson sækir um að fá að halda hundinn Nölu.

Ofangreindar umsóknir samþykktar samhljóða.

**6) Ragnheiður Guðmundsdóttir sækir um að fá að halda kettina Kötlu og Goliat.**

Umsóknin samþykkt samhljóða.

**7) Bréf frá Innviðaráðuneytinu, dags. 7. febrúar 2023, varðandi ósk um umsögn vegna beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð.**

Bæjarráð Snæfellsbæjar samþykkir samhljóða að óska eftir undanþágu frá gr. 5.3.2.14 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 með vísan til 12. mgr. 45. gr. skipulagslaga og óskar eftir því að bærarstjóri samþykki jafnframt afgreiðslu bæjarráðs.


Skipulags- og bæjaryfirvöld Snæfellsbæjar hafa þegar samþykkt samhljóða að auglýsa tillögu að breytingu aðalskipulags og nýs deiliskipulags vegna badstaðar við Krossavík, vestarlega á Hellissandi. Erindi bærarstjóra, sem þegar hefur verið sent, er í samræmi við stefnu bæjaryfirvalda um að stuðla að framgöngu verkefnisins og telur það geta aukið lífsgæði heimamanna og gesta, auk þess sem þar má njóta stórbrotins útsýnis og tengsla við hafið.

Það er mat bæjaryfirvalda að ekki sé rétt að færa fyrirhuguð mannvirki fjær strandlínu en orðið er. Með núverandi staðsetningu er unnt að vernda ströndina og tryggja að ekkert rask verði á Kópafjörð, en þau svæði eru mikilvæg til fæðuöflunar fugla. Einnig er tryggt opið svæði fyrir gangandi meðfram ströndinni og gerður

verður stigur sunnan mannvirkja. Bilastæði vegna Krossavíkurbáða geta einnig nýst fólki sem kemur á svæðið til að njóta útivistar.


- 8) **Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. febrúar 2023, varðandi álit umboðsmanns Alþingis og úrskurð Dómsmálaráðuneytisins vegna ágangs búfjár.**  
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Bréf frá Guðrúnu Magneu Magnúsdóttur, dags. 31. janúar 2023, varðandi Framkvæmdaáætlun Snæfellsness vegna umhverfsvottunnar samkvæmt staðli EarthCheck fyrir samfélög.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita bæjarstjóra heimild til að undirrita framkvæmdaáætlunina fyrir hönd Snæfellsbæjar.
- 10) **Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 31. janúar 2023, varðandi ósk um afskriftir á gjöldum.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að veita heimild til að afskrifa framlagðar afskriftarbeiðnir nr. 202012031222013, 202012031452299, 202108301459128, 202012041344214, 202012041355337, 202103031332090, 202012221408012, 202101260927346, 202102101106366, 202103251344105, 202101111524344, 202101121355051, 202101121500106, 202101131409289, 202101131349442, 202101131436408, 202101151328396, 202101181242063, 202101261410414, 202102261254183, 202101251450303, 202110130935247, 202103031142077, 202103091423421, 202201181306445, 202202171424600, 202208030950396, 202208031004553, 202208031327137, 202208031408589, 202208031454433, 202106041110153.  
Júniana vék af fundi undir beiðnum 202012031222013 og 202103031142077.  
*Nánar í trúnaðarmálabók.*
- 11) **Minnispunktur bæjarstjóra.**  
a) Bæjarstjóri sagði frá málefnum slökkviliðsins.  
b) Bæjarstjóri kynnti teikningar af nýrri vatnsrennibraut sem koma á í sundlaugina í Ólafsvík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:28

  
Júniana Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Íþróttá- og Æskulýðsnefnd

97. fundur – 19. janúar 2023 kl 17:00 í íþróttahúsi Snæfellsbæjar

Fundarmenn: Jóhanna Jóhannesdóttir

Patryk Zolobow

Margret Eva Einarsdóttir

Gylfi Freyr Karlsson

Kristfríður Rós Stefánsdóttir (Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi) og Margret Vilhjálmisdóttir forfölluðust á seinustu stundu og ekki tókst að boða varamann. Formaður hitti íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og fékk upplýsingar sem hún fór svo með á fundinn.

Formaður setti fundinn.

- Verkefnið Heilsueflandi samfélag kynnt fyrir nefndarmönnum. Í mars verður skrifað undir skjal sem staðfestir þátttöku og innleiðingu. Stýrihópur verður skipaður með aðilum frá stofnunum bæjarins.
- Gönguskiðabraut verður gerð þegar það kemur meiri snjór. Tæki í það verkefni eru til og vonandi verður hægt að gera braut á Hellissandi og Ólafsvík.
- Lífshlaupið er að fara af stað. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi er búinn að vera að kynna það aðeins fyrir fyrirtækjum í bænum og hvetur alla til að taka þátt. Bæði lið og einstaklinga.
- Undirbúningur er hafinn fyrir nýja rennibraut í sundlauginu auk þess er forgangsatríði að laga aðgengi að íþróttamannvirkjum. Verið er að skoða lyftu til þess að auka aðgengi ofan í lauginu sjálfa fyrir þroskaskerta.
- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi hefur verið að skoða hreyfitæki til þess að setja utandyra. Umræður sköpuðust um hvort betra væri að setja þau á sáið og þá nokkur á eitt svæði eða hvort upprunalega hugmyndin um að setja þau á göngustíginn á milli Hellissands og Ólafsvíkur sé betri. Spurning hvernig framtíðar plön fyrir Sáið séu og hvort það myndi henta.
- Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi hefur fengið fjármagn til þess að festa kaup á upplýsingaskjálum fyrir íþróttamannvirki, rafmagnsvæða aðgengi að mannvirkjunum og til þess að kaupa skápa í karlaklefa sundlaugarinnar en það eru til skápar fyrir kvennaklefan.
- Ungmennaráð hefur sótt um að vera með í Erasmus verkefni sem felur í sér að taka á móti krökkum á fræðsluþing auk þess að fara á fræðsluþing annars staðar. Kristfríður er þeim innan handar.

Önnur mál

- Ungmennafélagið hefur fengið 2 milljón króna styrk frá Snæfellsbæ til þess að setja á laggirnar rafípróttadeild. Þau munu leigja búnað frá Elko til þess að byrja með. Húsnæðismál eru ennþá í vinnslu en munu vonandi skýrast á næstu dögum.

Fundi slitið kl 17:45

## **Menningarnefnd Snæfellsbæjar**

Þriðjudagur 14. febrúar 2023 kl 14:00. Staðsetning: Áttagastofa Snæfellsbæjar.

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Heimir Berg, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir og Hafdís Rán Brynjarsdóttir

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

### **1. Styrkir**

- a. Sóknarsamlag Ólafsvíkur- og Ingjaldshólskirkju Kórastarf sótti um styrk vegna kórasamstarfsins sem hefur verið í vetur. Nefndin samþykkti 100.000 kr í styrk.
- b. Leikfélagið Lauga fékk peningagjöf frá Menningarnefnd að upphæð 100.000 kr í styrk.
- c. Styrkirnir fóru af reikningi fyrir áramót.

### **2. Örstyrkir menningarnefndar**

- a. Fjórir styrkir, ákveðið að hækka styrkinn úr 40 þús kr. í 50 þús kr. hver.
- b. Umsóknarfrestur til 1. apríl.
- c. Auglýst á næstu dögum í Jökli.

### **3. Þjóðgarðsmiðstöð**

- a. Í framhaldi af samráðsfundi við Þjóðgarðsmiðstöðina verður skoðað að halda örsýningu á málverkum í eigu Snæfellsbæjar.
- b. Sendum beiðni á bæjarskrifstofuna um að skoða safneigu bæjarins.

### **4. Vorviðburður á vegum menningarnefndar**

- a. ATH með ýmis konar námskeið: Matargerðarnámskeið, keramik...
- b. Senda tölvupósta og fá tilboð frá ýmsum aðilum.

14:50 – Fundi slitið.

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 168168. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 16. febrúar 2023  
og hófst hann kl. 10:00.

## Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Hildigunnur Haraldsdóttir, Matthías Páll Gunnarsson og Valgerður Hlín Krstmannsdótti.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

### 1. ASK\_Óveruleg breyting aðalskipulags vegna mótorkrossbrautar - 2302014

Um er að ræða óverulega breytingu sem tekur aðeins til austasta hluta á landnotkunarkorti fyrir Hellissand og Rif. Þar er landnotkun á opnu svæði breytt í íþróttasvæði fyrir akstursíþróttir, en stærð og lega verður óbreytt. Bætt er við svæðum fyrir bílastæði.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir tillögu að óverulegri breytingu aðalskiplags Snæfellsbæjar 2015-2031 fyrir svæði til akstursíþróttastæða austan Rifs. Svæðinu er breytt úr opnu svæði/leiksvæði í íþróttasvæði. Tillagan fái meðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.*

*Samþykkt*

### 2. Ytri-Tunga og Grenhóll - Umsókn um framkvæmdarleyfi fyrir bílplani, vegi og göngustíg vegna selafjöru - 2302013

Þórgímur Guðmundsson sækir fyrir hönd Lukkutanga ehf. um framkvæmdarleyfi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á ferðamannaádstöðu við selafjöruna við Ytri-Tungu og Grenhól í Staðarsveit. Fyrirhuguð er stækkun bílastæðis, lagning nýs vegar og göngustíga ásamt innviðaupbyggingu með vatni og rafmagni.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara að í umsögn minjavarðar Vesturlands/Minjastofnunar Íslands verði ekki lagst gegn framkvæmdum.*

*Samþykkt*

### 3. Dalbraut 12 - Umsókn um byggingarleyfi vegna hækkunar útveggja, lyfting þaks og breyting á húskroppi - 2302011

Guðmundur Steinþórsson sækir um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum á húsnæði sínu að Dalbraut 12 en fyrirhuguð er að hækka útveggi, lyfta þaki, stytta steinhluta húss í vesturs og stækka stálhluta húss í suðvestur.

*Illugi Jens Jónasson vikur af fundi.*

MP  
MS  
77  
HA  
HA  
HA

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum Dalbrautar 10.*

*Illugi Jens Jónasson kemur aftur inn á fund.*

*Samþykkt*

## 4. Dalbraut 10 - Umsókn um byggingarleyfi vegna breytinga á verkstæði - 2302010

Jóhann Eiríksson sækir fyrir hönd JE bilverks ehf. um byggingarleyfi fyrir breytingum á bilaverkstæði sínu að Dalbraut 10. Fyrirhugað er að gera breytingar á samliggjandi rýmum (2 og 4) innan verkstæðisins en breytingin er helst á norðurhlíð hússins þar sem laga á aðgengi viðskiptavina að skrifstofu með nýrri gönguhurð ásamt því að setja þar tvær keyrsluhurðir. Jafnframt á að hækka loft í rými 4 til að koma fyrir bílalyftu. Sjá meðfylgjandi uppdrætti.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki meðeigenda hússins.*

*Samþykkt*

## 5. Selhóll 1 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 270 fm einbýlishúsi - 2302017

Peter Lang sækir um byggingarleyfi fyrir 270 fm einbýlishúsi úr timbri sem staðsett verður á Selhól 1.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir Selhóli 3 og 5 og að byggingin verði aðlöguð að íslenskum aðstæðum og standist íslenska byggingarreglugerð. Hafi verður aftur samráð við minjavörð Vesturlands áður en gröftur hefst.*

*Samþykkt*

## 6. Hesteigandafélögin í Snæfellsbæ sækja um leyfi fyrir tengingu reiðleiðar sunnan við flugvöllinn - 2302012

Stefán Smári Kristófersson, Snævar Örn Arnarsson og Lárus Skúli Guðmundsson sækja fyrir hönd Hesteigandafélagsins Hrings Ólafsvík og Hesteigandafélagsins Geisla Hellissandi um leyfi fyrir því að leggja reiðleið meðfram flugvallargirðingu sem tengir reiðleiðir sem liggja eftir gamla þjóðveginum milli Ólafsvíkur og Hellissands. Tengingin yrði ca. 200 - 300 metrar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um álit minjavarðar Vesturlands og Isavia.*

*Samþykkt*

## 7. Bæjartún 5 - Færsla og endurnýjun fjarskiptamasturs - 2302016

Míla ehf. óskar eftir leyfi til þess að endurnýja fjarskiptamastur sem staðsett er á Bæjartúni 5 og færa það norðar í lóðina.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir Hjarðartúni 2.*

*Samþykkt*

Handwritten notes and signatures in the bottom right corner, including the number 777.



## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

### 8. Gámasvæði á Rífi - Umsókn um stöðuleyfi fyrir skúr - 2302009

Janus Jónsson sækir fyrir hönd Motorcrossklúbbs Snæfellsbæjar um stöðuleyfi fyrir 20 feta vinnuskúr á gámasvæði Snæfellsbæjar yfir vetrartímam.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

### 9. Arnarstapi - Umsókn um stöðuleyfi fyrir matarvagni - 2302007

Filip Procházka sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagni á Fellaslóð, Arnarstapa frá 1. apríl - 31. október 2023.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar þeirri staðsetningu sem sótt er um en felur byggingarfulltrúa að bjóða umsækjanda aðra staðsetningu í samræmi við umræðu síðustu fundi.*

*Hafnað*

### 10. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2023 - 2302015

- Umræða tekin um skiptingu beitarhólfa í fjárhúshverfi á Hellissandi

- Ástand hússins að Mýrarholti 3 rætt

- Póstbox í Snæfellsbæ rædd

- Umræða um hæð grindverka á ýmsum gatnamótum út frá umferðaröryggi. Byggingarfulltrúa falið að eiga samtali við eigendur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .

Krishana ~~Harman~~

María ~~Guð~~

Halldór ~~Fl~~

Halldór ~~Fl~~

Fluigi ~~Fl~~

Matthias Páll Guðmarsson

3. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi  
fimmtudaginn 16. febrúar 2023 kl. 15:00

Á fundinn mættu:


Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Yfirlit frá starfsmanni áhaldahúss hvað væri búið að gera og hvað væri á næstunni.

Leifur sagði okkur frá því að búið væri að setja ledljós í stórasalinn og vonaðist til að það þyrfti ekki að skipta eins oft um perur. Hliðarsalurinn er nánast tilbúinn, Guðrún ætlaði að setja myndir á veggina og kaupa nokkur áhöld sem vantaði. Hann og Hjöllli pípari eru á leið í að græja karlklósettið, búið er að panta nýja vaska.

2. Leki á kvennaklósettinu

Fórum og skoðuðum lekann á kvennaklósettinu og töldum að þetta væri brýnt verkefni að laga sbr. mynd



3. Eldavél

Eldavélin í stóra eldhúsinu er orðin léleg enda er hún síðan að húsið var byggt, Guðrún sagði að það þyrfti líka að fá nýja í Röstina, svo að hún ætlaði að athuga hvort að hún gæti fengið tilboð í tvær vélar og skoða hvað það gæti kostað. Það væri nóg að fá helluborð í Klifið þar sem þar er nýlegur ofn sem er í toppstandi.

Fleira ekki gert fundi slitið 16:00

Sigrún Ólafsdóttir

**10. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 7. febrúar 2023 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.**

Mætt: Kristinn Jónasson, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Ævar Sveinsson og Björn Arnaldsson. Leifur er veikur og Ragnar veðurtepptur. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

- 1) Baldvin Leifur komst ekki á fundinn, en sendi neðangreinda punkta um það sem var framkvæmt á hans vegum í janúar:
  - a) Í Engihlíð 16a var lagt parket, málað, endurnýjaðar flísar og settar nýjar hurðar.
  - b) Í Félagsheimilinu Klifí var sett upp eldhúsinnrétting í bláa salnum ásamt því að hitt og þetta smærra var lagfært og framkvæmt.
  - c) Í Klifí var endurnýjuð lýsing í stóra salnum (LED) og nýir dimmerar.
  - d) Í leikskólunum var lagfært ýmislegt sem hefur verið kallað eftir.
  - e) Á Jaðri voru settar upp gardínur, vatnsvél færð og lagt vatn að henni. Til stendur að breyta uppsetningu á skrifstofunni og mála hana.
  - f) Öðrum smærri verkefnum var sinnt eftir því sem þau komu upp.
  
- 2) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:
  - a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram, unnið var við frágang í masturshúsi að innan og er honum lokið. Verið er að undirbúa vinnu við vatns og rafmagnsbúnað inni.
  - b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, verið er að undirbúa næsta áfanga sem er viðbygging og framkvæmdir innan húss.
  - c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram.
  - d) Búið er að hanna og teikna stækkun og hækkun á trébryggju við gafl stálþils við Norðurtanga í Ólafsvík. Útboði vegna efniskaupa á harðviði er lokið og bárust 2 tilboð og er lagt til að samið verði við Gilmour & Aitken í Skotlandi. Útboði vegna efniskaupa á festingaefni þ.e. boltum, snittteinum o.þ.h. er lokið og bárust 4 tilboð. Verið að fara yfir tilboðin. Þá er verið er að vinna við verklýsingu og útboðsgögn.
  - e) Verið er að undirbúa endurbætur á götulýsingu á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Norðurtanga og Gilbakka í Ólafsvík.
  - f) Vegagerðin hefur lagt fram tillögu að endurbótum á sjóvörn við Marbakka í Staðarsveit og rætt hefur verið við húseigendur um málið og er beðið eftir viðbrögðum frá þeim.
  - g) Vegagerðin bauð út þann 16.01. s.l. framkvæmdir við 3 sjóvarnaverkefni í Snæfellsbæ þ.e. við Ólafsbraut og Ennisbraut í Ólafsvík og á Hellnum. Tilboðin voru opnuð þann 31.01. s.l. og bárust 3 tilboð. Verið er að fara yfir tilboðin.
  
- 3) Matthías fór yfir
  - a) Búið að setja upp upplýsingaskjá í anddyrinu í íþróttahúsinu í Ólafsvík.
  - b) Búið að skipta um ljós í búningsklefum í íþróttahúsinu í Ólafsvík.
  - c) Búið að gera við tjöldin í íþróttasalnum í íþróttahúsinu í Ólafsvík.

*Ólaf Sveinsson*

*MPC*

*Vagn F*  
*BA*  
*KA*

- d) Farið með ísvélina í íþróttahúsinu í viðgerð og búið að laga vatnsfontinn.
  - e) Í sundlaugarkjallaranum var töluvert af aflögðum lögnum og búið er að skera þær niður
  - f) Varmaskiptirinn stóri var einangraður og hreinsaður varmaskiptir á varmadælu.
  - g) Gengið frá öllu ófréngnu rafmagni í gangi.
  - h) Settur stærri varmaskiptir á innisundlaugina.
  - i) Í tölvumálum, þá var endurnýjað wífi í Ráðhúsinu og leikskólanum í Ólafsvík og til stendur að gera það sama í leikskólanum á Hellissandi.
  - j) Það var mokað af þaki íþróttahússins í Ólafsvík. Í suðausturhorninu lekur og einnig hefur grafist undan hellum við bílskúrshornið svo þar lekur inn. Þetta þarf að laga í vor, bæði bæta undir hellurnar og þétta á milli hellna.
  - k) Það var skipt um vatn í heita pottinum úti, ásamt öðru tilfallandi.
- 4) Vagn fór yfir framkvæmir í skólamannvirkjum:
- a) Búið að vera mjög mikill snjómokstur í janúar.
  - b) Búið að vera að taka í gegn ritaraherbergið í Ólafsvík. Það er að verða mjög fínt.
  - c) Verið að vinna í litlu salerni í gamla skólanum í Ólafsvík. Þar á að útbúa geymslu fyrir tölvu og tölvubúnað, en salernið hefur verið nýtt sem geymsla undanfarin ár.
  - d) Verið að leita leiða með lekann á frárennsli frá eldunarofnum og líklegast hefur það leysts í gær með aðstoð píparans. Margra ára leki hefur hins vegar sett mark sitt á dúkinn, sem er að verða búinn og þarfnast endurnýjunar. Það er líka búið að vera að skoða loftunina í eldhúsinu, það þarf að hafa samband við rafvirkjann til að skoða það betur.
  - e) Anddyrið í Ólafsvík hefur lekið í mörg ár, en líklegast búið að finna orsökina núna. Áfellan í vestur nær bara upp á fyrstu hábáru og þar skefur undir. Þyrfti að fá áfelli sem nær á 2-3 hábáru og yfir lágbáru, þá leystist þetta lekavandamál eflaust. Spurning um að gera þessa tilraun sem allra fyrst. Rennan fyllist jafnframt alltaf og spurning hvort það væri ekki sniðugt að fá hitaþráð þar til að losna við snjóstíflur og klaka eftir leysingar.
  - f) Það hefur svo tími farið í hitt og þetta smálegt.
- 5) Ævar fór yfir framkvæmdir:
- a) Jólátrén og frágangur jólanna tekur alltaf 10 daga í janúar.
  - b) Eldriborgarahúsið hefur tekið töluverðan tíma en gengur vel. Það verður farið í pípulagnir og raflagnir vonandi í þessari viku og eins er búið að fá aðila í að ljúka við húsið að utan. Búið er að fá verktaka í að ganga frá húsinu inni.
  - c) Veðrið hefur sett svip á mánuðinn, bæði snjómokstur, hálkueyðing og svo hafa heimtaugar frosið í Hellissandi, Rífi og Arnarstapa og tími hefur farið í að leysa það.
  - d) Það gerði asahláku og rigningu í janúar á sama tíma og var stórstreymt og olli það vandamálum sem þurfti að leysa.
  - e) Ævar fór í kynnisferð til Austurríkis í boði Hawle í janúar. Í ferðinni var margt fólk af öllu landinu og það er mjög gott að kynnast fólki sem er að vinna við sömu hlutina hér og skoða nýjungar í vatnsveitu- og lagnamálum.
  - f) Búið er að panta ljós í ljósastaura og koma þau vonandi sem fyrst.
- 6) Kristinn fór yfir nokkur önnur verkefni.
- a) Búið er að ganga frá endanlegri hönnun og staðsetningu á rennibrautinni í sundlaugina og er búið að panta brautina.
  - b) Ragnar, Vagn, Lúlli og Kristinn áttu fund nýlega þar sem farið var í frumdrög að hönnun á þakinu á grunnskólanum á Hellissandi. Þegar ásætlanlegt útlit er komið þarf að fara í verkfræðilega hönnun á burðarvirkinu og fleiru. Ragnar ætlaði að kanna hvort það sé höfundarréttur að húsinu og hvort það þarf að fá leyfi til breytinga.
  - c) Framkvæmdir voru á Gufuskálum í mánuðinum. Hreinsað var af lágþökunum og sett einangrun og dúkur yfir. Það er hins vegar ekki búið að ljúka því verki að fullu.

*Ólafur Sveinsson*

*MPG*

*Vagn I*

*[Handwritten signature]*

*[Handwritten signature]*

- d) Fara þarf í miklar lagfæringar á þakinu á grunnskólanum á Lýsuhóli. Þar er dúkurinn mjög illa farinn og þarf að skipta um.
- 7) Kristinn fór yfir excelskjal með þeim framkvæmdum sem fara þarf í í vor og sumar. Það þarf að finna verktaka í þessi verk og tímasetja þau.
- 8) Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. mars kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Heggs Ingólfsson  
Kjartanur  
Matthias Páll Gunnarsson  
Einar Arnarsson.  
M. Ólafur

Ólafur Sveinsson

Vagn I

---

129. fundur stjórnar FSS

<b>Fundarstaður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss Snæfellsbæjar
<b>Dagsetning:</b>	16.11. 2022
<b>Fundartími:</b>	Kl. 10.30
<b>Mættir:</b>	Stjórn FSS, Kristinn Jónasson, formaður, Björg Ágústsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS, Þór Örn Jónsson, bæjarritari Stykkishólmsbæjar og Lilja Ólafardóttir, bæjarritari og umsjónaraðili bókhalds og fjárreiða FSS? Sigurlaug Sævarsdóttir, bæjarritari í Grundarfjarðarbæ kom inn á fundinn um síma.

---

1. Kristinn Jónasson, formaður stjórnar setur fund og stýrir

2. **Fjárhagsáætlun Félags- og skólapijónustu Snæfellinga rekstursársins 2023**

Forstöðumaður lagði fram og kynnti tillögu að fjárhagsáætlun FSS 2023.

Stjórn FSS samþykkir samhljóða framlagða tillögu að fjárhagsáætlun FSS rekstursárið 2023 að því tilskyldu að leitað verði álits HLH rekstursráðgjafar um áætlaðan fjölda stöðugilda búsetukjarnans að Ólafsbraut 62 – 64 í Ólafsvík.

3. **Kostnaðar- og fjármögnunaráætlun framkvæmda nýs húsnæðis Smiðjunnar að Ólafsbraut 55**

Forstöðumaður kynnti kostnaðaráætlun breytinga sem og áætlun fjármögnun þeirra í nýju húsnæði Smiðjunnar að Ólafsbraut 55 í Ólafsvík.

Fyrirliggjandi kostnaðaráætlun og fjármögnun hennar samþykkt samhljóða

4. **Ráðstöfun húsnæðis FSS, að Ólafsbraut 19, Ólafsvík**

Með vísan til samþykktar stjórnar FSS á 128. fundi hennar þann 12. september sl., - leggur forstöðumaður hér til við stjórn FSS að ráðstöfun húsnæðis FSS að Ólafsbraut 19 miðist við að það verði áfram í eigu FSS þar til ljóst verður hvort Smiðjan verði áfram á Ólafsbraut 55 að loknum umsömdum leigutíma til næstu 5 ára.

Samþykkt samhljóða að fela forstöðumanni útleigu þess.

**5. Starfsmannamálefni**

- a) Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi og fagstjóri barnaverndar FSS hefur afturkallað uppsagnarbréf sitt.
- b) Forstöðumaður kynnti nýja ráðningarsamninga; endurskoðaðan tímabundinn ráðningarsamning Sólrúnar Aspar Jóhannsdóttur, nýs forstöðumanns Ásbyrgis og Hjalta Kristinssonar, nýráðins starfsmanns Ásbyrgi.
- c) Júníana Björg Óttarsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu.
- d) Krístrún Hafsteinsdóttir, félagsráðgjafi MS, hefur verið ráðin í 80% stöðugildi sem Júníana Björg gegndi. Krístrún hefur störf um miðjan janúarmánuð n.k.

**6. Verkefnisstjóri innleiðingar samþættingar þjónustu farsældar barna og barnvænna sveitarfélaga**

Forstöðumaður gerði grein fyrir nýjum lögum um farsæld barna, samþættingar þjónustu sem og stefnumótunar um barnvæn samfélög.

Samþykkt að heimila forstöðumanni ráðningu verkefnisstjóra í 40 % stg. í umsjón innleiðingar verkefnis þessa, frá og með næstu áramótum. Umfang starfs verði endurmetið að ári liðnu.

**7. Önnur mál**

- a) Málþing FSS, grunn- og leikskólanna þann 19. september var vel sótt og þótti takast afar vel.
- a) Forstöðumaður og yfirfélagsráðgjafi FSS hafa þegar hafið undirbúning að framkvæmd innleiðingar samþættingu þjónustu til farsældar barna á á grundvelli samnefndra laga sem og markmiða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nýlokið er fundi þeirra með grunnskólastjórum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.25

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

## **211. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. janúar 2023, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

**Forföll:** engin

*Fundarritari:* Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.00

### **1. Fundargerð 210. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 210. fundar nefndarinnar frá 6. desember 2022.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

### **2. Umsögn vegna skipulagslýsingar við Skipavík í Stykkishólmi**

Breiðafjarðarnefnd hefur borist beiðni um umsögn vegna skipulagslýsingar við Skipavík í Stykkishólmi.

#### **Afgreiðsla:**

Nefndin ræddi drög að umsögninni sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar var búinn að senda á nefndarfólk. Jakob mun í framhaldi fundarins athuga tvö atriði áður en umsögn verður skilað.

### **3. Fastanefnd Bernarsamningsins - Recommendation no. 218**

Á fundi fastanefndar Bernarsamningsins voru samþykkt tilmæli til íslenskra stjórnvalda (recommendation no. 218). Forsaga málsins er að landeigendur og Landvernd lögðu fram kvörtun til Bernarsamningsins fyrir nokkrum árum vegna vegaframkvæmda við Vestfjarðarveg. Í framhaldi af kvörtuninni var fundað með íslenskum yfirvöldum og þeim sem lögðu fram kvörtunina. Eftir fundinn voru unnar tillögur að ýmsum aðgerðum, sem tilgreindar eru í tilmælunum. Á meðal þeirra eru tillögur um að endurskoða lög um vernd Breiðafjarðar og styrkja vernd svæðisins.

#### **Afgreiðsla:**

Nefndin ræddi tilmælin á fundinum og mun biðja um fund með sérfræðingi hjá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til að fara yfir tilmælin og að heyra álit ráðuneytis á þeim.

### **4. Svör skipulagsnefndar við athugasemdir vegna breytinga á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmi**



Breiðafjarðarnefnd sendi umsögn varðandi breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmsbæ í júní 2022. Umsögnin er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/umsagnir/>

**Afgreiðsla:**

Lögð fram til kynningar svör skipulagsnefndar við skipulagslýsingu.

**5. Strandsvæðisskipulag Vestfjarða - Viðbrögð svæðisráðs við framkomnum athugasemdum**

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar strandsvæðisskipulag Vestfjarða í júlí 2022. Umsögnin er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar <http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/umsagnir/>

Breiðafjarðarnefnd gerði engar athugasemdir í sinni umsögn þar sem strandsvæðisskipulag Vestfjarðar er ekki skipulag fyrir Breiðafjörð.

**Afgreiðsla:**

Lögð fram til kynningar viðbrögð svæðisráðs við athugasemdum sem bárust við strandsvæðisskipulag Vestfjarða.

**6. Umhverfisstofnun - Vinna hafin á ný við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey**

Umhverfisstofnun vinnur að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey.

**Afgreiðsla:**

Lögð fram til kynningar staða verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey á Breiðafirði.

**7. Fjármál**

Fyrir liggur að gera upp fjármál nefndarinnar fyrir 2022 og gera fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

**Afgreiðsla:**

Jakob lagði fyrir Breiðafjarðarnefnd stöðu fjármála ársins 2022, sem nefndin lagði lokahönd á. Breiðafjarðarnefnd ræddi í kjölfarið fjármál ársins 2023.

**8. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður 14. febrúar, kl. 10.00 á Teams. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.

# Fundargerð 918. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 27. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Margrét Ólög A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Guðjón Bragason sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Nanný Anna Guðmundsdóttir boðaði forföll en varafulltrúi hennar hafði ekki tök á að sitja fundinn í hennar fjarveru. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll og sat Sunna Hlín Jóhannesdóttir fundinn í hans fjarveru. Í byrjun fundar bauð formaður Sunnu velkomna á sinn fyrsta stjórnarfund.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir 916. og 917. fundar - 2201008SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 916. fundar stjórnar sambandsins frá 14. desember 2022, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti. Einnig lögð fram til kynningar fundargerð 917. fundar stjórnar sambandsins frá 20. janúar 2023.

**2. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 61. og 62. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 8. nóvember 2022 og 20. janúar 2023.

**3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 142. og 143. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. nóvember 2022 og 12. janúar 2023.

*Stjórnin telur mikilvæga forsendu þess að unnt verði að ná víðtæku samstarfi ríkis og sveitarfélaga um samræmda móttöku flóttafólks að fram fari vonduð rýni á kostnaðarforsendum samnings um samræmda móttöku. Áhersla verði annars vegar lögð á að taka saman rauntölur um kostnað vegna skóla- og frístundaþjónustu og hins vegar að tryggja að fylgt sé verklagi sem lagt var til grundvallar við gerð kostnaðarmóðels samkomulagsins. Stjórnin telur mikilvægt að niðurstaða fái fljótt í þessari vinnu enda er lykilatriði að sem flest sveitarfélög taki þátt í verkefninu. Jafnframt leggur stjórnin áherslu á að auka samstarf ríkis og sveitarfélaga um málefni fólks í leit að alþjóðlegri vernd.*

**4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lagðar fram fundargerðir 79. og 80. funda verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 19. desember 2022 og 9. janúar 2023.

Stjórnin lýsir ánægju með að fjármagn hafi fengist frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti til að aðstoða sveitarfélögin við innleiðingu borgað þegar hent er og til að kosta þáttagerð í samstarfi við RÚV um innleiðingu hringrásarhagkerfis. Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að við sviðsmyndagreiningu og ákvarðanir um frekari skref varðandi uppbyggingu innviða verði horft heildstætt á þarfir og áform um innviðauppbyggingu á öllu landinu. Um er að ræða meiriháttar fjárfestingar og því nauðsynlegt að þjóðarhagsmunir ráði för við allan undirbúning og ákvarðanatöku.

**5. Fundargerð Jónsmessunefndar - 2301035SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 10. janúar 2023.

**6. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**

Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 32. og 34. funda kjaramálanefndar sambandsins frá 11. og 25. janúar 2023. Einnig lögð fram sem trúnaðarskjöl drög að samningastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í kjaraviðræðum 2023. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs kynnti stöðu kjaraviðræðna sambandsins sem og drög að samningastefnu sambandsins. Helgi Aðalsteinsson sérfræðingur á kjarasviði sambandsins sat fundinn undir þessum lið.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að klára stefnuna í samræmi við umræður á fundinum.

Einnig óskar stjórnin eftir því að sérstaklega verði fjallað um vinnutímastyttinguna á næsta stjórnarfundum.

**7. Skipulagsmálanefnd sambandsins - 2210012SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 47. fundar skipulagsmálanefndar sambandsins frá 18. janúar 2023. Fram kom varðandi 4. lið fundargerðar að fundur eru fyrirhugaður með Þjóðskrá 3. febrúar nk. til að ræða verkleik við lögheimilisskráningu og mögulegar úrbætur.

Einar Þorsteinsson kom inn á fundinn kl. 13:18.

**8. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301029SA**

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023.

9. **Fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301030SA**  
 Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir áætluninni.  
*Stjórn sambandsins samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2023.*
10. **Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2301027SA**  
 Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir reikningnum.  
*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*
11. **Ársreikningur Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2301028SA**  
 Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gera grein fyrir reikningnum.  
*Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2022 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.*
12. **Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2301034SA**  
 Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 og rætt um hugsanleg áhersluatriði í umfjöllun landsþingsins.  
*Stjórn samþykkir drög að dagskrá og felur framkvæmdastjóra og formanni að halda áfram undirbúningi á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.*
13. **Greining á eignarhaldi og fjármögnun hjúkrunarheimila - 2212027SA**  
 Lagt fram minnisblað starfshóps um greiningu á eignarhaldi og fjármögnun hjúkrunarheimila, dags. í nóvember 2022. Einnig lögð fram skýrsla starfshópsins, dags. í desember 2022, ásamt fylgiskjali.
14. **Samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA**  
 Lagt fram samkomulag, dags. 16. desember 2022, milli fjármála- og efnahagsráðuneytisins, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk.
15. **Rammasamningur um húsnæðismál og samkomulag - 2209007SA**  
 Lagt fram rammasamkomulag ríkis og sveitarfélaga, dags. 12. júlí 2022, um aukið framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega sýn og stefnu í húsnæðismálum, ásamt samkomulagi sem gert var á grundvelli þess, um aukið framboð íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á tímabilinu 2023-2032 og

fjármögnun uppbyggingar hagkvæmra íbúða og félagslegs húsnæðis, dags. 5. janúar 2023.

**16. Breytingar á samþykktum Brúar lífeyrissjóðs - 2009577SA**

Lagt fram bréf Brúar lífeyrissjóðs, dags. 11. janúar 2023, um breytingar á samþykktum sjóðsins, ásamt fylgiskjölum. Einnig lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs, dags. 25. janúar 2023, um lífeyrismál.

**17. VNR-VSR um heimsmarkmiðin - 2212024SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 19. janúar 2023, um þátttöku í landsrýni á stöðu heimsmarkmiða (Voluntary National Reveiw/VNR), ásamt fylgiskjali.

*Stjórnin samþykkir að unnið verði í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.*

**18. Skipun fulltrúa í fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

Skipun fulltrúa í fræðslumálanefnd sambandsins í stað Lilju Bjargar Ágústsdóttur, sem sagt hefur sig úr stjórn sambandsins og beðist lausnar úr fræðslumálanefnd.

*Samþykkt að skipa Álfhildi Leifsdóttur sveitarstjórnarfulltrúa í sveitarfélaginu Skagafirðiog varafulltrúa í stjórn sambandsins, í fræðslumálanefndina.*

**19. Undirbúningur ráðningar í starf framkvæmdastjóra - 2301047SA**

Í framhaldi þess að Karl Björnsson hefur sagt starfi sínu lausu og mun láta af störfum framkvæmdastjóra sambandsins 1. maí nk.

*Stjórnin samþykkir að fela formanni og varaformanni stjórnar sambandsins að undirbúa, auglýsa og fylgja eftir ráðningarferli vegna ráðningar í starf framkvæmdastjóra sambandsins í samvinnu við ráðningarstofu sem fengin verður til verksins.*

**20. Tilnefning í Æskulýðsráð 2023-2024 - 2212012SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, þar sem Guðbjörg Linda Udengard, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi í Seltjarnarnesbæ, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í Æskulýðsráð.

**21. Tilnefning í starfshóp um eflingu almenningsíþróttastarfs innan íþróttahreyfingarinnar - 2212003SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, þar sem Halla Karen Kristjánsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar, og Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, eru tilnefnd í starfshóp um eflingu almenningsíþróttastarfs innan íþróttahreyfingarinnar.

*Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.*

**22. Tilnefning í starfshóp um bætt aðgengi barna að hestaíþróttum - 2212014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 16. desember 2022, þar sem Eva Margrét Jónudóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Borgarbyggð, og Einar Eðvald Einarsson,

sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, eru tilnefnd í stýrihóp um bætt aðgengi barna að hestaíþróttum.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**23. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða - 2212037SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2023, þar sem Freyr Antonsson, bæjarfulltrúi á Dalvík og stjórnarmaður í sambandinu, og Þuríður Halldóra Aradóttir Braun, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Reykjanes, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun á Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**24. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun sveitarstjórnarlaga - 2212034SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 4. janúar 2023, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, og Fjóla Stefánsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Grýtubakkahreppi, eru tilnefnd í starfshóp um endurskoðun sveitarstjórnarlaga.

**25. Tilnefning í starfshóp um stöðu minjaverndar á Íslandi - 2212008SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 5. janúar 2023, þar sem Erna Hrönn Geirsdóttir, lögfræðing á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um stöðu minjaverndar á Íslandi.

**26. Tilnefning í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs 2023-2027 - 2212038SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 5. janúar 2023, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, og Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

**27. Tilnefning í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands - 2212004SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. janúar 2023, þar sem Óskar Jörgen Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar, og Jóna Símóna Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða, eru tilnefnd sem aðalmenn í stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands, og Kolbrún Erna Magnúsdóttir, skjalastjóri Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og Páll Brynjarsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, til vara.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**28. Tilnefning í starfshóp um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027 - 2301031SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 19. janúar 2023, þar sem María Ingibjörg

Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2023-2027.

29. **Umsögn um drög að grænbók um sveitarstjórnarmál - 2212021SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 12. desember 2022, um drög að grænbók um sveitarstjórnarmál, S-229/2022. mál.
30. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð - 2301021SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 9. janúar 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð, mál nr. S-250/2022.
31. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027 - 2212032SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 11. janúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027, mál nr. S-247/2022.
32. **Umsögn um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027 - 2301041SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. janúar 2023, um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk 2023-2027, mál nr. S-253/2022.

Fundi var slitið kl. 15:00